

Því dæmist rjett að vera:

Hinnn ákærði, Þorsteinn kaupmaður Guðmundsen, á að vera sýkn af ákærum sóknarans í máli þessu. Þar á móti ber honum að greiða allan löglegan kostnað af málinu, þar á meðal í málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og cand. juris Kristjánss Jónssonar, 12 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 20/1887: Jón Jónsson á Steinum

gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar.

Dómur:

Þann 18. desember 1876 var af fógatarjetti Reykjavíkur kaupstaðar gjört lögtak hjá tómt húsmanni Jóni Jónssyni á Steinum fyrir 5 kr. 39 a. sem ógoldnu tómt húsgjaldi til bæjarsjóðsins fyrir árið 1875 af tómt húsi hans Steinum á Selslóð í Reykjavík ásamt lögtakslaunum 50 aorum, og hefur tjeður Jón Jónsson áfrýjað lögtaksgjörð þessari og krafizt, að hún verði dæmd ómerk, og til vara, að lögtakið verði úr gildi fellt, samt málskostnað í báðum tilfellum.

Hin stefnda bæjarstjórn Reykjavíkur hefur þar á móti krafizt, að hún verði sýknuð af kröfum áfrýjanda, en hin áfrýjanda lögtaksgjörð látin standa óröskuð.

Ómerkingarkröfu sína hefur áfrýjandi byggt á neitun sinni um, að lögtakið hafi verið birt fyrir fram á löglegan hátt, en til stuðnings varakröfu sinni hefur hann talið, að hið um rædda lóðargjald sje gjald af fasteign, sem verði að hvíla á jarðareigandanum, nema bein heimild sje til þess að leggja það á þann, er hef-

ur lóðina til umráða, og finnist hún alls ekki í opnu brjefi dags. 26. sept. 1860. Brjef þetta höndli enn fremur að eins um tómthúslóðir, er hafi verið byggðar þá, er lög þessi komu út, en alls ekki um gjöld af tómthúsum, er byggð hafi verið síðar, eins og tómthúsið Steinar, sem fyrst var byggt árið 1875. Eptir slíkar lóðir eigi ekkert að borga eptir almennum reglum, sbr. tilskip. 15. apr. 1776. Svo telur hann og að orðin: umdæmi Reykjavíkurbæjar, þýði ekki sama og lögsagnarumdæmið, heldur einungis kaupstaðarlóðina sjálfa eptir útmælingunum frá 1792.

Þar eð ómerkingarkrafa áfrýjandans einungis er byggð á almennri neitan, er fyrst kemur fram undir áfrýjun málsins, um að lögtaksgjörðin hafi fyrir fram verið birt svo sem lög mæla fyrir, getur hún ekki hrundið vottan þeirri, er fógetinn hefur gefið, þá er lögtakið var háð, um að það hafi verið birt á löglegan hátt. — Rjetturinn verður því að fallast á skoðun hinnar stefndu bæjarstjórnar, að 1. gr. í opnu brjefi 26. septbr. 1860 höndli um öll tómthús, er liggja í lögsagnarumdæmi bæjarinns, en ekki svæði það, sem mælt var út undir kaupstaðinn sjálfan 1792, sbr. 2. gr., sem og, að gjaldið hvíli beinlínis á tómthúsum sjálfum og lóð þeirra, eins og tekið er fram beinum orðum í 1. gr., og verði því með rjettu krafti af tómthúsmanninum. Sá skilningur verður heldur ekki lagður í grein þessa, að lóðartollurinn ekki nái yfir þau tómthús, er byggð verði eptir að lögin komu út, því gjaldið er lagt almennt á tómthús; og þeirri einu undantekningu, sem gjörð er, ef að lóðargjald hefur verið greitt áður eða «þangaðtil», nefnilega þá er lögin fá gildi, verður ekki gefin rýmri þýðing en beinlínis eptir orðunum, og virðist tilgangurinn með henni hafa verið sá, að láta ekki gjaldið ofþyngja þeim, er þegar greiða

gjald til jarðareiganda, ákveðið án tillits til hins nýja gjalds til sveitarinnar, og kemur þessi skilningur á fyrirmælum 1. greinar enn ljósar fram við ástæðurnar fyrir tjeðu lagaboði, þar sem látið er í ljósi, að gjaldið framvegis ekki eigi að falla burt, þótt annar en kaupstaðurinn sjálfur eigi lóðina, og gjörir ráð fyrir, að þeir, sem síðar byggi slík hús, verði að greiða bæði lóðargjald til jarðareiganda og til kaupstaðarinnis í þarfir hans af húsum með lóð. Nokkuð líkt átti og stað áður með hús úr steini og timbri eptir reglugjörð 27. nóvember 1846, enda þótt annar en bærinn væri jarðeigandi.

Af þessu leiðir, að hina stefndu bæjarstjórn ber að dæma sýkna af öllum rjettarkröfum áfrýjanda og að hin áfrýjaða lögtaksgjörð skuli standa óröskuð, en að því er málskostnað snertir, virðist rjett, að hann eptir atvikum falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð á óröskuð að standa.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 11. marzmán.

Nr. 5/1878:

Hið opinbera
gegn

Jóni Magnússyni á Kúludalsá.

Dómur:

Með brjefi amtmannsins í suðuramtinu, dags. 7. dag ágústmán. 1876, var Jón landshöfðingjaritari Jónsson settur lögreglustjóri í fjárkláðamálinu á svæðinu milli Hvítár í Borgarfirði og Hvítár í Árnessýslu, löggiltur til að fara með og dæma mál það, sem hjer er undir áfrýjun. Stefnan til hins ákærða, Jóns Magnússonar á Kúludalsá, var aptur á móti gefin út af nefndum embættismanni 5. dag s. m., eða 2 dögum á undan